

Fundargerð

Fimmtudaginn 10. desember 2020 , kl. 13:00 - var haldinn fundur í stjórn **Byggðasamlangs um menningu og atvinnumál A-Hún.**

Fundarstaður var Hnúkabyggð 33 á Blönduósi. Á fundinn voru mætt: Halldór G. Ólafsson, formaður, Guðmundur Haukur Jakobsson, Magnús Björnsson, Ragnhildur Haraldsdóttir, og Valdimar O. Hermannsson. Þá var Sigrún Hauksdóttir á fundinum undir dagsrárlíðum 1. til og með lið 4. Valdimar ritaði fundargerð.

Halldór G. Ólafsson, formaður setti fund kl 13:00- og stjórnaði honum.
Samþykkt tillaga um að taka saman til afgreiðslu liði 2 – 4 og 5 - 6.

Dagskrá:

1. Fundargerð síðasta fundar.

Fundargerð frá stjórnarfundi dags., 20. ágúst 2020, var undirrituð en hún hafði áður verið send út með tölvupósti, án athugasemda.

2. Fjárhagsáætlun 2021

Sigrún Hauksdóttir, skrifstofu- og fjármálastjóri Blönduósbaðar fór yfir fjárhagsáætlun og benti á þá liði sem þörfnuðust ákvörðunar stjórnar. Farið var yfir forsendur fjárhagsáætlunar 2021 og unnið með nokkra liði sem voru undir dagskráliðum 3. og 4. og höfðu áhrif á niðurstöðu. *Eftir vandlega yfirferð á fjárhagsáætlun BMA, fyrir árið 2021, þá var hún borin upp til staðfestingar og samþykkt af stjórn með 4 atkvæðum*

3. Húsaleiga á Kvennaskólareit – hugmyndir að breytingum.

Fyrir fundinum lá minnisblað og tillögur að breyttu fyrirkomulag er varðar húsaleigu í húsnæði Kvennaskólans, m.a. að teknu tilliti til ábendinga frá endurkoðendum, þannig að fram kæmi bæði húsaleiga og styrkir fyrir afnot af húsnæði. *Framhald frá síðasta fundi stjórnar.* Formanni og framkvæmdastjóra var falið að yfirfara húsaleigumál, og gera breytingar á samnningum fyrir árslok sem myndu gilda fyrir árið 2020 og áfram, samkv., minnisblaði/tillögum og umræðu á fundinum.

4. Heimilisiðnaðarsafnið – styrkbeiðni fyrir árið 2021

Fyrir fundinum var erindi frá Heimilisiðnaðarsafninu, dagsett 15/11., um rekstrarstyrk fyrir árið 2021, að upphæð 6.900.000 kr., *Stjórn BMA samþykkir að veita styrk að upphæð 6.300.000 kr, eins og 2020.*

5. Textílmiðstöð Íslands – uppbygging innviða – Rannís ofl.

Framkvæmdastjóri upplýsti stjórn um stöðu á uppbyggingu innviða og þann styrk sem Textílmiðstöðin hefði fengið frá Innviðastjóri Rannís, ásamt hlutdeild BMA að málínu vegna frágangs og uppsetningu tækja í þeim húsakynnum á Kvennaskólareit, sem rekin eru á ábyrgð BMA.

Byggðasamlag um menningu og atvinnumál

Þá gerði hann grein fyrir tilurð og forsendum fyrir *samstarfssamningi* á milli Textílmiðstöðvar Íslands og BMA, vegna styrkveitingarinnar, til þess að uppfylla ákvæði samningsins, samkvæmt liðum nr. 5 og 7. Einnig upplýsti hann um þá undirbúningsvinnu sem hafin er til þess að koma ofangreindum innviðum fyrir í húsnæði Kvennaskólans, en í vikunni komu arkitekt frá TGJ og verkfræðingur frá VERKÍS, til þess að taka út húsnæði á Kvennaskólaþáttum, og undirbúa þarfar breytingar. Á fundinum var einnig dreift kynningarblaði um „**Textíllab**“ dagsett 1. desember 2020, sem kynnt hafði verið í síðustu viku, og teikningum af Kyndistöð og svokallaðri „Lönguvitleysu“ sem nú verði endurgerð.

Stjórn fagnar fyrirhugaðri uppbyggingu húsnæðis á Kvennaskólaþáttum, og leggur áherslu á að gerð verði, sem allra fyrst, vönduð verk- og tímaáætlun um framkvæmdirnar, til að mæta þörf á næstu mánuðum.

6. Samskipti við MRN/ríkið - vegna fjárveitinga til Kv.skólareits.

Framkvæmdastjóri upplýsti um samskipti sín við ríkisvaldið um stöðu fjárveitinga til frekari viðhalds og uppbyggingar á Kvennaskólaþáttum. Staðfest hefur verið að fjárveiting er í fjárlögum næsta árs, og fjármálaáætlun til 3j ára, samkvæmt beiðnum BMA frá því fyrr á árinu. Gert er ráð fyrir að Alþingi samþykki fjárlög næsta árs, 2021, og fjármálaáætlun til þriggja ára, í næstu viku, og þá verði gengið frá samningi við Menntamálaráðuneytið, um tilhögun framkvæmdanna.

7. Önnur mál:

Ákveðið að boða til stjórnarfundar í BMA fljótlega í janúar 2021, til þess að fara yfir stöður mála, og gera viðeigandi ráðstafanir til þess að mæta metnaðarfullum áformum, sem liggja fyrir, um uppbyggingu innviða á Kvennaskólaþáttum.

Fleira ekki fyrir tekið
Fundi slitið kl. 14:45-
